

Sálin tekur upp þráðinn að nýju

– hljómleikahald í sumar og ný plata með haustinu

Sálin hans Jóns míns er komin saman að nýju eftir um átta mánaða hlé. Hún kemur fyrst fram á hljómleikum í lok mánaðarins með tveimur nýjum liðsmönnum. Stór plata er síðan væntanleg með Sálinni fyrir jólin.

„Margir halda að hljómsveitin sé hætt en það er öðru nær,“ segir Guðmundur Jónsson gítarleikari og aðallagasmiður Sálarrinnar. „Við erum nýbúnir að ganga frá tveimur lögum sem koma út á safnplötu í júní og erum langt komnir með að semja efni á stóra plötu sem verður gefin út í haust. Síðan erum við búnir að bóka okkkur víða um land megnið af sumrinu. Okkur er svo sannarlega farið að klæja í fingurna að byrja að nýju.“

Ástæðan fyrir meira en hálfis árs fríi liðsmanna Sálarrinnar er fyrst og fremst sú að þeir voru orðnir þreyttir eftir langt úthald. Stefán og Guðmundur höfðu til að mynda varla tekið sér frí í tvö til þrjú ár.

„Síðan held ég bara að það sé hollt fyrir hljómsveitir sem hefur vegnað vel að hvíla sig öðru hverju hreinlega til þess að ofgera ekki markaðinum,“ segir Guðmundur. „Það var líka farið að vanta í okkur hungrið eftir því að koma fram og gera okkar besta. Spilamennskan var fyrst og fremst orðin vinna. Nú erum við búnir að æsa upp í okkur hungrið.“

Fyrstu útrásina fyrir hungrið fá piltarnir er þeir efna til hljómleika á veitingastaðnum Lídó við Lækjargötu fimmtudaginn 30. maí. Þar

verða leikin nokkur ný lög og nýir liðsmenn formlega kynntir. Síðan liggur leiðin út á landsbyggðina og verður spilað í Njálshúsi kvöldið eftir. Þar með verða hjólin farin að snúast á fullu að nýju.

„Við ætlum að hafa dagskrána hjá okkur með meira hljómleikasniði í sumar en hingað til. Við erum komnir með svo mikið af frumsömdu efni að við getum haldið slíkri dagskrá úti og ætlum að leggja mikið upp úr ljósum og sviðsbúnaði ýmiss konar. En að sjálfsgöðu getur fólk dansað og sleppt sér eins og á öllum almennilegum rokkkonsertum,“ segir Guðmundur Jónsson.

Nýir menn

Nýju mennirnir tveir sem komnir eru til liðs við Sálinna hans Jóns míns eru Birgir Baldursson og Atli Örvarsson. Birgir leysir Magnús Stefánsson trommuleikara af hólmi og Atli verður hljómborðs- og trompetleikari hljómsveitarinnar. Guðmundur Jónsson á ekki von á að tónlist Sálarrinnar breytist að neinu ráði við komu nýju manna.

„Þau lög sem við höfum verið að vinna núna eru að vissu leyti afturhvarf til gömlu soultímanna. Það sem breytist fyrst og fremst nú er að það er kominn trompet inn í myndina. Við höldum áfram að búa til eins góða tónlist og við getum og síðan verður bara að koma í ljós hvernig hún þróast.“